

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2006/EES/30/41

frá 25. mars 2003

**um beitingu e-liðar 3. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB gagnvart fjarskiptabúnaði, sem ætlaður er til nota í skipum sem falla ekki undir alþjóðasamninginn um öryggi mannlífa á hafinu, og ætlað er að taka þátt í sjálfvirka auðkenniskerfinu (AIS) (\*)**

(tilkynnt með númeri C(2003) 808)

(2003/213/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra <sup>(1)</sup>, einkum e-lið 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Allmörg aðildarríki hafa komið á eða hyggjast koma á sameiginlegum meginreglum um öryggi og reglum um búnað sjálfvirkra auðkenniskerfa um borð í skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu 1974 (SOLAS) og lúta ekki kröfum í V. kafla þess samnings um búnað um borð.
- 2) Samhæfing þráðlausrar fjarskiptaþjónustu stuðlar að öruggari siglingum skipa sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu, einkum í neyðartilvikum og þegar veðurskilyrði eru slæm, og hvetja því aðildarríkin slík skip til að taka þátt í sjálfvirka auðkenniskerfinu.
- 3) Sjálfvirka auðkenniskerfinu er lýst í 19. reglu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í V. kafla SOLAS-samningsins – kröfur um búnað um borð að því er varðar siglingakerfi og -búnað um borð í skipum, þar sem tilgreind eru siglingatæki sem skulu vera um borð í mismunandi gerðum skipa.
- 4) Í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) hefur tilteknum tíðnum, 161.975 (AIS1) og 162.025 MHz (AIS2), verið úthlutað til notkunar í sjálfvirka auðkenniskerfinu. Aðrar tíðnir, sem úthlutað hefur verið til fjarskipta á sjó, kunna að standa sjálfvirka auðkenniskerfinu til boða. Allur þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem er starfræktur á þessum tíðnum, skal samrýmast tilgreindri notkun þessara tíðna og viðunandi ábyrgðartrygging skal vera fyrir því að hann virki rétt.

- 5) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar um samræmismat í fjarskiptum og markaðseftirlit (TCAM).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þráðlaus fjarskiptabúnaður sem er starfræktur í strandarstöðvaþjónustu, eins og hún er skilgreind í grein 1.28 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins eða í farstöðvaþjónustu við skip um gervitungl, eins og hún er skilgreind í grein 1.29 í fjarskiptareglum Alþjóðafjarskiptasambandsins, skal uppfylla grunnkröfurnar sem eru settar fram í e-lið 3. mgr. 3. gr. í tilskipun 1999/5/EB.

Í því skyni skal slíkur búnaður hannaður þannig að tryggt sé að hann starfi rétt við þær aðstæður á sjó sem hann er ætlaður, þegar hann er notaður í skipum sem falla ekki undir samninginn um öryggi mannlífa á hafinu og skal hann uppfylla allar viðeigandi kröfur um starfhæfni sjálfvirkra auðkenniskerfisins.

2. gr.

Kröfurnar í 1. gr. þessarar ákvörðunar skulu gilda frá og með 28. mars 2003.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2004 frá 19. mars 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 22, 29.4.2004, bls. 11.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. mars 2003.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

---